


Snjóflóð á Íslandi veturinn 2021–2022

Minney Sigurðardóttir
Heiður Þórisdóttir
Hulda Rós Helgadóttir
Óliver Hilmarsson



Skýrsla

VÍ 2024-009

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2021–2022

Minney Sigurðardóttir
Heiður Þórisdóttir
Hulda Rós Helgadóttir
Óliver Hilmarsson

Lykilsíða

Skýrsla nr. 2024-009	Dags. Ágúst 2024	ISSN 1670–8261	Dreifing: Opín <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
			Skilmálar:
Heiti skýrslu: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2021–2022			Upplag: 20 Fjöldi síðna: 85
			Framkvæmdastjóri sviðs: Matthew J. Roberts
Höfundar: Minney Sigurðardóttir, Hulda Rós Helgadóttir, Heiður Þórisdóttir og Óliver Hilmarsson			Verkefnisstjóri: Óliver Hilmarsson
			Verknúmer: 4351-0-0001
Gerð skýrslu/verkstig:			Málsnúmer: 2024-0231
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: <p>Veturinn 2021–2022 byrjaði með krafti í lok september þegar norðan hríðarveður olli snjóflóðahrinum bæði á Norðurlandi og Vestfjörðum. Snjóflóð féllu úr Skollahvilt og Innra-Bæjargili ofan Flateyrar og náði síðara flóðið að varnargarðinum og flæddi nokkurn spöl niður með honum. Fljótlega eftir að hríðarveðrið gekk niður gerði aftaka úrkomu í Kaldakinn á Skjálfanda og féllu margar jarðvegsskriður sem ollu miklu tjóni á túnnum. Eftir miðjan október og fram yfir miðjan janúar var tíð fremur hagstæð en kalt og snjósöfnun til fjalla. Umhleyplingar tóku við seinni hluta janúar og féllu snjóflóð m.a. yfir vegi á Vestfjörðum. Illviðrasamt var í febrúar og var lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu á Vestfjörðum og Norðurlandi í nokkur skipti og jafnframt gripið til rýminga. Umhleyplingar tóku aftur við í mars og féllu nokkur krapaflóð sem m.a. ollu tjóni við sumarbústaði á Suðurlandi. Apríl var hægviðrasamur og fáar ofanflóðatilkynningar en varasamar aðstæður voru til fjalla. Skíðamenn settu af stað flekaflóð í Svarfaðardal 7.arpíl þar sem einn lést og tveir slösuðust.</p>			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaaannáll, annáll			Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 
			Undirskrift verkefnisstjóra: 
			Yfirfarið af: HG

Efnisyfirlit

Myndaskrá	6
Töfluskrá	8
1 Inngangur	9
2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar	10
2.1 September.....	10
2.2 Október.....	11
2.3 Nóvember.....	12
2.4 Desember	13
2.5 Janúar	13
2.6 Febrúar	14
2.7 Mars	16
2.8 Apríl	16
2.9 Maí	16
2.10 Júní, júlí og ágúst	16
3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu	17
3.1 Skráning snjóflóða	17
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins	17
3.3 Óvissustig og rýmingar	20
3.4 Snjóflóð á vegi	20
3.5 Snjóflóð af mannavöldum	23
3.6 Snjókýptarmælingar	25
4 Helstu snjóflóð vetrarins.....	28
4.1 Innra Bæjargil, Flateyri	29
4.2 Jörundarskál, Siglufirði	31
4.3 Brellur, Patreksfirði.....	34
4.4 Steiniðjugil, Ísafirði	35
4.5 Hamar, Hveragerði.....	37
4.6 Skeiðshyrna, Svarfaðardal.....	39
Heimildir	41
Viðauki I. Snjókýptarmælingar	42
Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða	44
Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2021–2022	45

Myndaskrá

Mynd 1. Flóðið úr Innra-Bæjargili, til vinstri á mynd, náði að varnargarði og rann niður með honum en var ekki nálægt því að fara yfir hann. Flóðið úr Skollahvilft, hægra megin á mynd, náði ekki að varnargarðinum..... 10

Mynd 2. Margar skriður féllu í Kinn og Útkinn í byrjun október í kjölfar mikilla rigninga. Nokkrar þeirra féllu yfir vegi. Mynd frá lögreglunni á Norðausturlandi.....	11
Mynd 3. Nóvembermánuður var í kaldara lagi og tíð nokkuð hagstæð. Þó var umhleyplingasamt um miðjan mánuðinn.....	12
Mynd 4. Yfirborðshrím myndaðist á Norðurlandi í lok desember. Stuttu seinna grófst það í snjó í hægum vindi, varðveittist undir snjóþekjunni og myndaði þar veikt lag.....	13
Mynd 5. Skafrenningur á fjallstoppum á Tröllaskaga. Hvassviðri voru tíð í janúar.....	14
Mynd 6. Stórt snjóflóð féll yfir veginn um Raknadalshlíð í Patreksfirði í lok febrúar. Flóðið var um 130 breitt og nokkrir metrar á þykkt.....	15
Mynd 7. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2021–2022 ..	25
Mynd 8. Snjódýpt lesin af stikum í Traðarhyrnu í Bolungarvík veturinn 2021–2022. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn	26
Mynd 9. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2021–2022 ..	26
Mynd 10. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Austfjörðum veturinn 2021–2022	27
Mynd 11. Snjódýpt lesin af stikum í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2020–2021. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.....	27
Mynd 12. Útlínur snjóflóðsins úr Innra-Bæjargili þann 29. september.....	29
Mynd 13. Uppsöfnuð úrkoma á Flateyri, Ísafirði og í Bolungarvík, ásamt lofthita á Flateyri og Þverfjalli og vindi á Þverfjalli dagana fyrir flóð.....	30
Mynd 14. Snjóflóðið úr Innra-Bæjargili náði að varnargarðinum fyrir ofan Flateyri. Á myndinni sést einnig snjóflóð sem féll úr Skollahvilft.....	30
Mynd 15. Útlínur snjóflóðsins úr Jörundarskál þann 6. febrúar.....	31
Mynd 16. Uppsöfnuð úrkoma Siglufirði, Ólafsfirði og Sauðanesvita, ásamt lofthita Siglufirði og Öxnadalshéiði og vindi í Grímsey dagana fyrir flóð.....	32
Mynd 17. Gestur Hansson og Hulda Friðgeirsdóttir við mælingar á snjóflóðinu úr Jörundarskál. Spegill úr þjónustukofanum lá óbrotinn í flóðinu innan um brak úr kofanum.....	32
Mynd 18. Hulda Friðgeirsdóttir við mælingar á snjódýpt snjóflóðsins úr Jörundarskál.....	33
Mynd 19. Horft upp í upptakasvæðið snjóflóðsins í Jörundarskál. Upptök voru ógreinileg þegar flóðið var mælt en ummerki um þunna flóðtungu sjást nokkuð greinilega á myndinni.....	33
Mynd 20. Útlínur snjóflóðsins í Brellum þann 7. febrúar.....	34
Mynd 21. Uppsöfnuð úrkoma Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði, ásamt lofthita Patreksfirði og Mikladal og vindi á Mikladal dagana fyrir flóð.....	35
Mynd 22. Útlínur snjóflóðsins úr Steiniðjugili á Ísafirði þann 8. febrúar.....	35
Mynd 23. Uppsöfnuð úrkoma Ísafirði, Súðavík og Bolungarvík, ásamt lofthita Ísafirði og Þverfjalli og vindi á Þverfjalli dagana fyrir flóð.....	36
Mynd 24. Útlínur snjóflóðsins í Hamri í Hveragerði þann 19. febrúar.....	37
Mynd 25. Uppsöfnuð úrkoma Selfossi, Bláfjöllum og Ölkelduhálsi, ásamt lofthita Selfossi og Hellisskarði og vindi Ölkelduhálsi dagana fyrir flóð.....	38
Mynd 26. Flóðið sem féll í Hamri kom úr stuttri brattri brekku og stöðvaðist í skógræktinni neðan við mesta brattann.....	38
Mynd 27. Útlínur snjóflóðsins í Skeiðsfjalli í Svarfaðardal.....	39

Mynd 28. Uppsöfnuð úrkoma Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði, ásamt lofhita Patreksfirði og Mikladal og vindi Mikladal dagana fyrir flóð.	40
Mynd 29. Snjóflóðið í Skeiðsfjalli var ekki stórt en fór hratt og dreifðsist yfir grýtt og snjólétt landslag.....	40

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi ofanflóðaskráninga eftir tegund frá 1. sept. 2021 til 31. ágúst 2022	17
Tafla 2. Óvissustig veturinn 2021–2022	20
Tafla 3. Rýmingar veturinn 2021–2022	20
Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi í metrum. Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.....	21
Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2021–2022.....	23

1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir allar snjóflóðaskráningar frá 1. september 2021 til og með 31. ágúst 2022. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum.

Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar, samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum Ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjódyptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í Viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2021 og til loka ágúst 2022.

2.1 September

September var fremur hlýr til að byrja með, sérstaklega á Norður- og Norðausturlandi, en í lok mánaðarins tók að kólna töluvert og snjóaði víða í byggð og varð jörð alhvít á mörgum stöðum á Vestfjörðum og Norðurlandi. Úrkoma mældist víðast hvar yfir meðallagi.

Það kólnaði í lok september og snjóaði niður á láglandi á Norðurlandi og Vestfjörðum í norðan- og norðaustan áhlaupi dagana 25–28. Fyrstu skráðu snjóflóð vetrarins féllu þann 26. á Norðurlandi í Eyjafirði og við Dalvík og nágrenni. Seinna kom í ljós stórt snjóflóð sem féll í þessu sama veðri yst í Þverárdal sem gengur inn úr Skíðadal. Flóðið hljóp úr Melagili og fór yfir Þverá. Töluvert af snjóflóðum féllu á norðanverðum Vestfjörðum í þessu veðri, þau stærstu við Flateyri og í Súðavíkurlíð. Einnig féllu minni flóð í Skutulsfirði, Bolungarvík, Súgandafirði, Dýrafirði, Arnafirði og við Patreksfjörð. Engin flóðanna ógnuðu byggð en flóðið úr Innra-Bæjargili ofan Flateyrar fór á efsta hluta varnargarðsins og rann smá spöl niður með honum en var þó langt frá því að fara yfir hann. Snjóflóð féll einnig úr Skollahvilft sem náði ekki að varnargarðinum. Flateyrarvegur og vegurinn um Súðavíkurlíð voru lokaðir á meðan á veðrinu stóð.



Mynd 1. Flóðið úr Innra-Bæjargili, til vinstri á mynd, náði að varnargarði og rann niður með honum en var ekki nálægt því að fara yfir hann. Flóðið úr Skollahvilft, hægra megin á mynd, náði ekki að varnargarðinum.

2.2 Október

Október var í kaldari kantinum á norðanverðu landinu en tiltölulega hlýr á sunnanverðu landinu. Norðaustlægar áttir voru einkennandi fyrir mánuðinn og var fremur úrkomusamt á Norðaustur- og Austurlandi þar sem úrkoman fór víða vel yfir meðallag. Á Akureyri var heildarúrkoma októbermánaðar meiri en tvöföld úrkoma meðaloktóbermánaðar árin 1991 til 2020.

Mikið rigningarveður var á Norðurlandi í byrjun október, þá sérstaklega á Tröllaskaga og í Kinnarfjöllum. Margar jarðvegsskriður féllu í Kinn og Útkinn dagana 2–4. október. Hættustigi var lýst yfir og allnokkrir sveitabæir rýmdir. Skriðurnar féllu yfir vegi og tóku sundur ljósleiðara. Talsvert vatnstjón varð á Ólafsfirði vegna úrhellisrigningar þessa daga en ekki er vitað um neinar stórar skriður. Rýma þurfti 9 hús á Seyðisfirði eftir að mælitæki Veðurstofunnar sýndu að jarðlög ofan við stóru skriðunu í desember 2020 voru kominn á hreyfingu eftir miklar rigningar í byrjun mánaðarins. Um miðjan mánuð tók að bæta í snjó víða og féllu flóð í Reynisfjalli og úr Skollahvilft aðfaranótt 18. október í einni af nokkrum lægðum sem gengu yfir landið í mánuðinum. Fleiri flóð féllu í kringum Siglufjörð og Flateyri næstu daga á eftir.



Mynd 2. Margar skriður féllu í Kinn og Útkinn í byrjun október í kjölfar mikilla rigninga. Nokkrar þeirra féllu yfir vegi. Mynd frá lögreglunni á Norðausturlandi.

2.3 Nóvember

Nóvember var kaldari en meðal nóvembermánuður hefur verið undanfarinn áratug og var tíð nokkuð hagstæð. Fremur úrkomusamt var á sunnan- og vestanverðu landinu. Hvassast var dagana 13. og 14. nóvember þegar víðáttumikil lægð gekk yfir landið.

Nokkur flóð féllu á Tröllaskaga í byrjun mánaðarins. Þann 8. nóvember var mikil úrkoma víða um land og féllu allnokkur snjóflóð á Tröllaskaga, Austfjörðum og Vestfjörðum í kjölfarið. Að megninu til voru þetta spýjur en þó var eitt flóð úr Hafnarhrynu ofan Siglufjarðar sem náði niður á veg. Lægðir gengu yfir landið 13–17. nóvember með umhleypingum, hvassviðri og úrkomu víða um land. Allnokkur snjóflóð féllu á þessu tímabili, flest á Tröllaskaga. Þann 21. nóvember gerði hláku og tók snjó víða upp á láglendi en allnokkrar spýjur féllu í kjölfarið til fjalla. Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð að Fjallabaki þann 27. nóvember. Þann 29. nóvember féll snjóflóð úr Miðstrandargili á Siglufjarðarveg og lokaði veginum.



Mynd 3. Nóvembermánuður var í kaldara lagi og tíð nokkuð hagstæð. Þó var umhleypingasamt um miðjan mánuðinn.

2.4 Desember

Desember var fremur hægviðrasamur og var tiltölulega snjólétt á öllu landinu, sérstaklega um miðjan mánuð. Undir lok mánaðarins snjóaði þó töluvert á Norðurlandi.

Nokkuð rólegt var fyrri hluta mánaðarins með stöku snjóflóðum víða um land. Umhleytingasamt var um miðjan mánuðinn og mikil hlýindi voru þann 17. desember sem öllu snjóflóðum suðvestanlands og á Miðhálandinu. Nokkuð rólegt var í veðri fram yfir jól en á milli jóla og nýárs bætti heldur í ofankomu á norðanverðu landinu. Varasamar aðstæður mynduðust í Eyjafirði þegar snjóaði talsvert ofan á yfirborðshrím og féllu nokkur snjóflóð á svæðinu. Einnig féllu flóð ofan Flateyrar á milli jóla og nýárs.



Mynd 4. Yfirborðshrím myndaðist á Norðurlandi í lok desember. Stuttu seinna grófst það í snjó í hægum vindi, varðveittist undir snjóþekjunni og myndaði þar veikt lag.

2.5 Janúar

Miklir umhleytingar voru í janúar og hvassviðri tíð. Suðvestanáttir voru algengar, úrkomusamt var á Suður- og Vesturlandi og snjólétt víða um land.

Tíðindalítið var í snjóflóðum fyrripart janúar þótt lægðir hafi verið tíðar. Nokkrar spýjur náðu að eða á veginn um Súðavíkurhlíð um miðjan mánuðinn og um svipað leyti var tilkynnt um kögglahrun og flekaflóð í Hlíðarfjalli. Seint 16. janúar byrjaði að rigna á vesturhelmingi landsins og fjölmörg vot flóð eða krapaflóð féllu á Vestfjörðum um nóttina og fram eftir morgni 17. janúar, þ.á.m. nokkur yfir veginn um Súðavíkurhlíð og eitt á veginn um Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Einnig féll flóð yfir veginn um Kleifaheiði og í veigrás á

Raknadalshlíð. Snemma morguns fóru flóð einnig að falla á Snæfellsnesi og á Norðurlandi. Vott flóð féll yfir veg í Álftafirði á Snæfellsnesi og lokaði veginum. Nokkur lítil flóð féllu ofan Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarveggar. Einnig féllu flóð í Hörgárdal, Hlíðarfjalli, Glerárdal og Öxnadal. Daginn eftir, þann 18. janúar, var tilkynnt um grjóthrun í Lóni og á Seyðisfirði og vott flóð í nágrenni Siglufjarðar. Lægð gekk yfir landið í lok janúar og féllu nokkur snjóflóð á Norðurlandi 28. og 29. janúar. Þann 30. janúar féllu nokkur flóð á Vestfjörðum, m.a. eitt í Bjarnadal í Önundarfirði sem fór yfir veg.



Mynd 5. Skafrenningur á fjallstoppum á Tröllaskaga. Hvassviðri voru tíð í janúar.

2.6 Febrúar

Febrúar var óvenju illviðrasamur, kaldur og snjóþungur um allt land. Slæm óveður gengu yfir landið í febrúar, þau verstu þann 7. og dagana 21. til 22., og ollu töluverðu tjóni. Hvassviðri og snjóþyngsli ollu margoft truflunum á samgöngum og var mánuðurinn með þeim snjóþyngstu í Reykjavík um árabíl.

Í byrjun febrúar voru stífar norðlægar áttir með snjókomu á norðanverðu landinu og féllu fjölmörg snjóflóð á Vestfjörðum og Norðurlandi, m.a. nokkur sem féllu á veginum um Súðavíkurlíð og Ólafsfjarðarmúla. Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð á Lyngdalsheiði þann 5. en grófust ekki. Þann 6. féll allstórt snjóflóð úr Jörundarskál ofan Siglufjarðar og á varnargarð innan við bæinn sem tók þjónustukofa fyrir tjaldsvæði bæjarins. Nokkur snjóflóð féllu yfir Ólafsfjarðarveg þegar vegurinn var lokaður.

Djúp og víðáttumikil lægð kom upp milli Íslands og Grænlands dagana 7. til 9. febrúar sem olli töluverðu tjóni víða um land. Óvissustigi vegna snjóflóðahættu var lýst yfir á

norðanverðum Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi í upphafi veðursins en síðdegis þann 7. var óvissustigi aflýst á Mið-Norðurlandi en áframhaldandi óvissustig var á norðanverðum Vestfjörðum þar sem grípa þurfti til rýminga á reit 9 á Ísafirði, á nokkrum sveitabæjum og sorpvinnslusvæðinu við Funa. Þann 7. féll snjóflóð í Brellum ofan Patreksfjarðar og fóru kögglar úr flóðinu yfir vinnusvæði og að garði við íbúðahúsið Hóla 17. Þann 8. febrúar var lýst yfir óvissustigi á sunnanverðum Vestfjörðum og gripið til rýminga á Patreksfirði. Fjölmörg snjóflóð féllu í þessu veðri, flest á Vestfjörðum og Norðurlandi. Allstórt snjóflóð féll úr Steiniðjugili í Skutulsfirði sem fór yfir veginn uppá Seljalandsdal og stoppaði skammt ofan við Skutulsfjarðarbraut. Í Súgandafirði féllu nokkur stór flóð. Þann 8. settu vélsleðamenn af stað snjóflóð í Innstadal á Helligheiði en engan sakaði.

Allnokkur flóð af mannavöldum voru tilkynnt víða um land í febrúar. Þann 19. febrúar grófst 10 ára drengur í flóði sem féll úr Hamrinum við Hveragerði en var bjargað. Að kvöldi 21. febrúar gekk djúp lægð yfir landið og var óvissustigi lýst yfir á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum. Hættustigi var síðan lýst yfir á Patreksfirði og gripið til rýminga. Nokkur flóð féllu í þessu veðri. Aftur var lýst yfir óvissustigi á sunnanverðum Vestfjörðum 25. febrúar í austan hvassviðri og úrkomu. Gripið var til rýminga á Patreksfirði og Tálknafirði. Nokkur flóð voru tilkynnt næstu daga, m.a. eitt stórt flóð úr Mærðarhorni við Bolungarvík. Flóðið féll út á Syðradalsvatn og braut upp þykkann ísinn á Syðradalsvatni.



Mynd 6. Stórt snjóflóð féll yfir veginn um Raknadalshlíð í Patreksfirði í lok febrúar. Flóðið var um 130 breitt og nokkrir metrar á þykkt.

2.7 Mars

Mars var hlýr, umhleyppinga- og illviðrasamur með ríkjandi suðlægum áttum. Hann var úrkomusamastur á Suðaustur- og Vesturlandi og mældist úrkoman víða með því mesta sem mælst hefur í mars. Mikill vatnselgur myndaðist víða í kjölfar leysinga eftir kaldar og snjóþungar vikur.

Miklir umhleyppingar voru í byrjun mars með rigningu upp í miðjar hlíðar en slyddu eða snjó til fjalla en svo frysti þess á milli. Vot flóð féllu í flestum landshlutum en einhver þurr flóð þess á milli. Einnig féll sémilegt krapaflóð við Búrfell í Grímsnesi þann 6. mars sem olli tjóni á sumarhúsaloð. Dagana 8–10. mars gengu skil yfir landið með mikilli úrkomu og var tilkynnt um allnokkur vot flóð víða um land. Um miðjan mánuðinn gekk víðáttumikil lægð yfir landið með mikilli úrkomu og hlýindum og féllu nokkur flóð á Austfjörðum og við Ísafjörð. Þann 19. og 20. mars gengu skil yfir landið og féllu nokkur snjó- og krapaflóð víða um land. Seinni hluta mars gengu enn nokkrar lægðir yfir landið með tilheyrandi umhleyppingum. Tilkynnt var um mörg snjóflóð og spýjur, sérstaklega 26. mars, eftir hlýindi.

2.8 Apríl

Apríl var hægviðrasamur og hlýr um allt land. Vindur á landsvísu var undir meðallagi árána 1991 til 2020 og meðalhiti var víðast hvar yfir meðallagi. Óvenju lítil úrkoma var á Akureyri en úrkoma var yfir meðallagi í Reykjavík.

Nokkur snjóflóð voru tilkynnt á Norðurlandi fyrstu dagana í apríl. Þann 6. apríl féllu fjölmörg snjóflóð á Norðurlandi og Austfjörðum í norðanskoti. Flekar mynduðust víða ofan á hjarni. Að kvöldi 7. apríl settu þrír skíðamenn af stað snjóflóð í Skeiðshyrnu í Svarfaðardal. Einn lést og hinir tveir slösuðust. Þann 12. apríl var tilkynnt um nokkur snjóflóð víða um land, bæði náttúruleg og af mannavöldum. Í lok apríl var tilkynnt um nokkur flóð í nágrenni Þverártindseggjar í Suðursveit.

2.9 Maí

Maí var hægviðrasamur með ríkjandi norðaustlægum áttum. Tiltölulega hlýtt var á sunnanverðu landinu en kaldara á því norðanverðu.

Rólegt var fyrstu dagana í maí en að kvöldi 5. maí snjóaði á norðanverðu landinu og voru allnokkur flóð tilkynnt þar daginn eftir, m.a. eitt snjóflóð undan skíðamanni í Hlíðarfjalli sem slasaðist á fæti. Um miðjan mánuðinn hlýnaði ofan í nýsnævi og féllu spýjur á Vestfjörðum og Norðurlandi í kjölfarið.

2.10 Júní, júlí og ágúst

Júní var nokkuð hlýr framan af og tíð hagstæð en óvenju kalt var á landinu dagana 23. og 27., þá sérstaklega á norðurhluta landsins. Júlí var frekar kaldur um allt land og úrkoma var yfir meðallagi víðast hvar. Ágúst var einnig frekar kaldur. Þó voru hlýindi um norðaustanvert landið í lok mánaðar og hæsti hiti sumarsins mældist þá.

Engin snjóflóð voru tilkynnt yfir sumarmánuðina en eitthvað var um grjóthrun og aurskriður. Þann 21. júní féll aurskriða úr gili neðan við Gleiðarhjalla sem endaði á Hnífsdalsvegi og lokaði honum um tíma. Talið er að leysing hafi valdið skriðunni. Þann 31. júlí og 1. ágúst urðu öflugir jarðskjálftar á Reykjanesskaga sem ollu grjóthruni víða á skaganum og í Esjunni.

3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Fyrir tímabilið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 eru 603 snjóflóðaskráningar í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg snjóflóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri snjóflóð ef nægar upplýsingar eru til. Ef ástæða þykir til eru snjóflóðin GPS mæld eða útlínur hnitaðar út frá ljósmyndum, eða minni þess sem sá snjóflóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á snjóflóðum sem eru minni en 2 að stærð (sjá viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. 71 skriður eru skráðar fyrir sama tímabil. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóðaskráninga (snjóflóð og skriður) þennan vetur og eru þær flokkaðar eftir tegund.

Tafla 1. Fjöldi ofanflóðaskráninga eftir tegund frá 1. sept. 2021 til 31. ágúst 2022

Tegund	Fjöldi
Snjóflóð óskilgreint	52
Þurrt flekahlaup	342
Vott flekahlaup	96
Flekahlaup*	20
Þurrt lausasnjóflóð	22
Vott lausasnjóflóð	59
Lausasnjóflóð*	2
Krapaflóð	10
Skriða	6
Aurskriða	8
Grjóthrun	37
Jarðvegsskriða	20

* Óskilgreint hvort snjóflóðin voru þurr eða vot

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Veturinn 2021–2022 voru skráðar 10 snjóflóðahrinur. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum.

Svarfaðardalur, Dalvík og Galmaströnd 26–28.9.2021

Það gekk í norðaustanátt á Norðurlandi 24. september. Um kvöldið þann 25. tók að snjóa niður í byggð og hvessti hressilega. Þann 27. september dró töluvert úr vindi og snerist vindur í norðvestanátt en aðfaranótt 28. rauk vindur aftur upp í hreinni norðanátt með töluverðri snjókomu. Frá miðnætti 24. til miðnættis 29. var uppsöfnuð úrkoma um 180 mm á Siglufirði, um 150 mm á Ólafsfirði og um 80 mm á mönnuðu stöðinni á Sökku í Svarfaðardal, allt í formi snævar.

Snjóflóð féllu í Eyjafirði, Dalvík og nágrenni og í Hörgárdal og nágrenni. Seinna kom í ljós stórt snjóflóð sem féll í þessu sama veðri yst í Þverárdal sem gengur inn úr Skíðadal. Flóðið hljóp úr Melagili og fór yfir Þverá í dalbotninum.

Norðanverðir Vestfirðir 28–29.9.2021

26. september tók að snjóa í hvassri norðaustanátt. Dagana 27. og 28. september var vindur norðlægari og mun hvassari með hviðum upp í allt að 40 m/s. Um tíma þann 28. var vindur mjög hvass í norðnorðvestanátt. Samfelld úrkoma var frá 26. að miðnætti 29. og mældust um 130 mm í uppsafnaðri úrkomu á Flateyri, um 120 mm á Ísafirði og um 80 mm í Bolungarvík. Aðfaranótt 29. dró verulega úr vindi og úrkomu og hann varð austlægari með deginum.

Snjóflóð féllu víðsvegar þann 28. september, þau stærstu féllu við Flateyri og á Súðavíkurlíð. Einnig féllu minni flóð í Skutulsfirði, Bolungarvík, Súgandafirði, Dýrafirði og Arnafirði.

Vestfirðir 16–17.1.2022

Að kvöldi 16. janúar hlýnaði ört og tók að hvesa í suðvestanátt með talsverðri úrkomuákefð. Úrkoman féll að mestu sem rigning og mældust um 40–50 mm á Patreksfirði, Flateyri og Bolungarvík á innan við sólarhring. Um miðjan dag 17. september dró úr úrkomu og tók að kólna með kvöldinu.

Töluvert af flóðum féllu, þar með talið í Súðavík, Súðavíkurlíð, Ísafirði, Bolungarvík, Önundarfirði, Bíldudal, Patreksfirði og Súgandafirði. Flóðin féllu sem þurr flekaflóð, vot flekaflóð og einnig féllu nokkur krapaflóð.

Norðurland 17–18.1 2022

Að kvöldi 16. janúar tók að hvesa í suðvestanátt samfara hraðri hlýnun og rigningu. Hiti fór úr -6 stigum upp í 6 stig á 12 tímum en hæst í tæp 10 stig yfir daginn þann 17. á Siglufirði. Úrkoma féll samhliða hraðri hlýnun og féllu um 20 mm á Siglufirði en um 10 mm á Ólafsfirði og á mannaðri stöð á Sökku í Svarfaðardal.

Mörg vot flóð féllu þennan dag, þar á meðal í Eyjafirði, Hörgárdal og nágrenni, Siglufirði, Dalvík og nágrenni og í Öxnadal.

Norðanverðir Vestfirðir 3–6.2.2022

Þann 3. febrúar tók að hvesa í norðvestanátt með snjókomu. Daginn eftir, þann 4., datt vindur niður um tíma en hélst annars í 10–20 m/s 3–6. febrúar. Vindátt var norðaustlæg en fór í mjög hvassa norðvestanátt um tíma aðfaranótt 4. Uppsöfnuð úrkoma frá 3–6. febrúar var um 20 mm á Ísafirði, Bolungarvík og Flateyri.

Fjölmörg snjóflóð féllu á norðanverðum Vestfjörðum, þar á meðal í Súgandafirði, Súðavíkurlíð, Ísafirði, Önundarfirði og Flateyri.

Vestfirðir 6–9.2.2022

Kvöldið 6–7. febrúar gekk stór og djúp lægð yfir landið og olli töluverðu tjóni víða um land. Norðaustan hvassviðri og snjókoma var á Vestfjörðum. Vindur fór upp í 30 m/s á Þverfjalli með yfir 45 m/s í hviðum. Uppsöfnuð úrkoma frá miðnætti 7. febrúar til miðnættis 9. febrúar var rúmlega 80 mm á Patreksfirði en 30 mm í Bolungarvík. Talsverður snjór hafði safnast á Vestfjörðum í norðan veðri dagana 3–6. febrúar.

Snjóflóð féllu víðsvegar á Vestfjörðum, meðal annars á Flateyri, Patreksfirði, Ströndum. Ísafirði, Álftarfirði, Súðavík, Dýrafirði, Bolungarvík, Önundarfirði, Hnífsdal og Súgandafirði.

Suðvesturland 8–23.2.2022

Eftir umhleypingar í janúar tók að kólna og bæta á snjó á Suðvesturlandi. Talsvert bætti á snjó 7–8. febrúar í suðlægum áttum og aftur 13–15. febrúar í hvössum austlægum áttum sem safnaðist í vindfleka, einkum í vesturvísandi hlíðar. Þann 16. snérist í norðlæga átt með frosti. Snjógryfja á Hengilssvæðinu 8. febrúar sýndi viðvarandi veikt lag á lagmótum eldra hjarns og vindfleka/nýsnævis. Snjógryfjur í Skálafelli 12. febrúar og í Bláfjöllum þann 17. febrúar sýndu lagskiptan snjó ofaná eldra hjarni.

Mörg lítil náttúruleg flekaflóð féllu í vestlægum viðhorfum á suðvesturlandi seinni partinn í febrúar. Flóðin áttu upptök í lítilli hæð yfir sjávarmáli og virðast hafa farið á viðvarandi veiku lagi sem sást í gryfjum í Bláfjöllum og Hengilssvæðinu. Nokkur lítil flekaflóð féllu af mannavöldum, m.a. flóð í Hamrinum ofan við Hveragerði þar sem drengur var hætt kominn en bjargaðist.

Vestfirðir 22–27.2.2022

Að kvöldi 21. febrúar gekk djúp lægð yfir landið með norðaustan hvassviðri á Vestfjörðum og töluverðri úrkomuákefð. Vindur fór einnig í austanátt um tíma. Uppsöfnuð úrkoma frá 22–27. febrúar var um 20 mm á Flateyri, um 50 mm í Bolungarvík og um 90 mm á Patreksfirði.

Töluvert af snjóflóðum féllu víðsvegar á Vestfjörðum, þar á meðal við Ísafjörð, Patreksfjörð, Dýrafjörð, Barðaströnd, Súgandafjörð, Hestfjörð, Önundarfjörð, Snæfjallaströnd, Súðavíkurhlíð og Rauðasand.

Norðurland 19–21.3.2022

Þann 19. og 20. mars komu skil úr austri og gengu vestur yfir landið með hlýindum og ákafri úrkomu um mest allt land. Á Norðurlandi var vindur fyrst sunnanstæður en snérist svo í skammvinna norðlæga átt. Hiti náði allt að 10 stigum á Siglufirði. Uppsöfnuð úrkoma 19–21. var um 25 mm á Siglufirði, rúmlega 10 mm á Sökku og tæpir 10 mm á Ólafsfirði..

Flóð féllu meðal annars við Siglufjörð, Dalvík og Hörgárdal. Flest flóðin féllu sem vot lausaflóð en eitthvað var um krapaflóð líka.

Norðurland 4–7.4.2022

Aðfaranótt 3. apríl hvessti með austanátt og snjókomu á Norðurlandi. Vindur næstu daga á eftir var nokkuð austlægur en snérist svo meira til norðurs, þar til dró úr vindi þann 6. apríl. Það bætti jafnt og þétt á snjó frá 3–6. apríl og var uppsöfnuð úrkoma um 15 mm á Ólafsfirði, 20 mm á Siglufirði og um rúm 10 mm á Sökku. Snjóflóð tóku að falla þegar norðaustanátt var ríkjandi en flest flóð féllu þegar tók að lægja og vindur varð norðanstæðari.

Flekaflóð féllu meðal annars við/í Hörgárdal, Ljósavantsskarð, Dalvík, Siglufjörð, Öxnadal, Tröllaskaga og Eyjafirði.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Óvissustigi vegna snjóflóða var lýst yfir 6 sinnum veturinn 2021–2022 og 5 sinnum var gripið til rýminga. Þrisvar sinnum var óvissustigi lýst yfir á sunnanverðum Vestfjörðum, tvisvar á norðanverðum Vestfjörðum og einu sinni á Miðnorðurlandi. Hús á reit 4 á Patreksfirði voru rýmd þrisvar sinnum. Þau hús sem voru rýmd stóðu neðan vinnusvæðis þar sem unnið var að gerð nýs varnargarðs.

Tafla 2. Óvissustig veturinn 2021–2022

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2022-02-06 23:59	2022-02-09 09:50
Miðnorðurland	Snjóflóðahætta	2022-02-06 23:59	2022-02-07 15:00
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2022-02-08 08:45	2022-02-09 09:50
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2022-02-21 15:05	2022-02-22 09:15
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2022-02-21 18:30	2022-02-22 09:15
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2022-02-25 11:00	2022-02-25 18:30

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2021–2022

Staður	Hvar	Sett	Aflýst
Ísafjörður	Reitur 9	2022-02-07 24:00	2022-02-08 16:30
Patreksfjörður	Á reit 4, húsin við göturnar: Hóla (15,17,18) Mýrar (15,16,17,18,19)	2022-02-08 09:00	2022-02-09 08:50
Patreksfjörður	Á reit 4, húsin við göturnar: Hóla (15,17,18) Mýrar (15,16,17,18,19)	2022-02-21 20:00	2022-02-22 08:30
Patreksfjörður	Á reit 4, húsin við göturnar: Hóla (15,17,18) Mýrar (15,16,17,18,19)	2022-02-25 14:00	2022-02-25 18:30
Tálknafjörður	Reitur 9	2022-02-25 14:00	2022-02-25 18:30

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til þess að komast á milli staða og flóðið er það stórt að það lokar veginum fyrir umferð.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir fimm vegi á landinu en það eru vegirnir um Kirkjubóls- og Súðavíkurlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Flateyrarvegur, Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur og vegurinn um Ljósavatnsskarð.

Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa fimm vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem ásamt lögreglu metur í framhaldi af því hvort grípa þurfi til ráðstafana.

Alls voru gerðar 92 skráningar fyrir snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2021 til 31. ágúst 2022 og í töflu 4 má sjá lista yfir þessi snjóflóð í tímaröð. Sumar skráningarnar

innihalda nokkur flóð, einkum þegar flóð renna saman og erfitt er að greina á milli tunga. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í viðauka III.

Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi í metrum. **Tegund:** S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Flóð	Dags	Teg.	Farvegur	Breidd	Hæð
56952	26.9.2021	S	Eyjafjarðardalur		
56963	28/29.9.2021	S	Súðavíkurhlíð, Fjargil (farv. 21)	200	4.0
56983	28/29.9.2021	F	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (farv. 22)	40	1.7
56982	28/29.9.2021	S	Spillir, Súgandafjörður		
56867	29.11.2021	F	Miðstrandargil, Siglufjörður		1.0
57138	15.1.2022	S	Spillir, Súgandafjörður		
57140	16.1.2022	F	Ósafjörður, Parteksfjörður		
57141	16.1.2022	F	Ósafjörður, Parteksfjörður		
57142	16.1.2022	S	Súðavíkurhlíð, (farv. 17)		
57144	16.1.2022	F	Ófæruhlíð, Öndarfjörður		
57652	17.1.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 7)		
57663	17.1.2022	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	30	0.4
57145	17.1.2022	Fv	Krossgil, Ísafjörður		
57150	17.1.2022	Fv	Súðavíkurhlíð, (farv. 6)		
57151	17.1.2022	Fv	Súðavíkurhlíð, (farv. 19)	10	1.0
57146	17.1.2022	K	Miðstrandargil, Siglufjörður		
57159	17.1.2022	Fv	Snæfellsnes		
57199	30.1.2022	F	Bjarnadalur, Öndarfjörður	50	75
57201	30.1.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 12)		
57213	3.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57208	3.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 19)	15	1.3
57209	3.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 20)	28	0.3
57210	3.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 15)	5	0.4
57232	3.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 1)	5	1.4
57233	3.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 2)	3	1.0
57235	3.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 18)	10	0.3
57211	3/4.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 2)	100	0.5
57218	4/5.2.2022	F	Miðstrandargil, Siglufjörður		
57219	4.2.2022	F	Miðstrandargil, Siglufjörður		
57220	4.2.2022	F	Miðströnd, Siglufjörður		
57222	3/4.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (farv. 22)	28	2.0
57236	3/4.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 4)	38	0.8
57237	3/4.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 6)	50	0.3
57238	3/4.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 7)	21	1.0
57239	3/4.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 10)	40	1.2
57240	4.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57224	4.2.2022	F	Ólafsfjarðarvegur (farv. 38)	20	1.0
57443	4/5.2.2022	F	Ytri-Kirkjubólshlíð	81	0.8
57244	5.2.2022	F	Ytri-Kirkjubólshlíð 13	26	1.5
57245	6.2.2022	F	Jörundarskál, Siglufjörður	30	40

Flóð	Dags	Teg.	Farvegur	Breidd	Hæð
57246	5/6.2.2022	F	Ólafsfjarðarvegur (farv. 39)	100	2.5
57247	5/6.2.2022	F	Ólafsfjarðarvegur (farv. 35)	100	2.0
57254	5/6.2.2022	F	Ólafsfjarðarmúli (farv. 33b, Klif)		
57265	7/8.2.2022	F	Raknadalshlíð, Patreksfjörður		
57277	7.2.2022	F	Grýtubakkahr. innan Dalsmynnis	79	0.5
57295	7.2.2022	F	Hvammsdalur-Ármót Svartár/Fossár		
57289	7/8.2.2022	F	Skarðströnd	80	1.5
57292	7/8.2.2022	F	Skarðströnd	40	1.0
57307	7/8.2.2022	S	Skötufjörður, Ísafjarðardjúp	300	1.3
57319	8.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57331	7/8.2.2022	F	Ófæruhlíð, Öndarfjörður		6.0
57285	8.2.2022	F	Breiðadalur sunnanverður	180	0.9
57349	7/8.2.2022	F	Reykhólasveit		
57288	8.2.2022	F	Steiniðjugil, Ísafjörður	77	0.5
57299	8.2.2022	F	Enni, Ólafsvík	10	0.2
57441	8/9.2.2022	F	Skarðströnd	40	0.4
57300	8/9.2.2022	F	Sjötúnahlíð, Ísafjarðardjúp	70	0.6
57636	9.2.2022	F	Ósafjörður, Patreksfjörður	350	0.9
57318	10.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57347	14.2.2022	F	Skarðströnd		
57381	22.2.2022	F	Raknadalshlíð, Patreksfjörður	35	1.5
57382	21/22.2.2022	F	Raknadalshlíð, Patreksfjörður		
57383	21/22.2.2022	Fv	Skarðströnd		
57393	21/22.2.2022	F	Kasthvammsöxl		
57386	22/23.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57421	20–24.1.2022	Fv	Múlasveit	35	1.0
57385	23.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57405	23.2.2022	F	Hestfjörður, Ísafjarðardjúp		
57399	23/24.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar		
57400	23/24.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar		
57401	23/24.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar		
57402	23/24.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar		
57403	23/24.2.2022	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar		
57404	23/24.2.2022	F	Hestfjörður, Ísafjarðardjúp	100	0.5
57407	23/24.2.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57420	23/24.2.2022	F	Barðaströnd		
57425	25/26.2.2022	F	Raknadalshlíð, Patreksfjörður		
57440	28.2.2022	F	Raknadalshlíð, Patreksfjörður		
57442	28.2/1.3.2022	F	Spillir, Súgandafjörður		
57455	5.3.2022	Fv	Spillir, Súgandafjörður		
57462	5/6.3.2022	Fv	Spillir, Súgandafjörður		
57472	8.3.2022	Fv	Spillir, Súgandafjörður		
57473	8.3.2022	Fv	Spillir, Súgandafjörður		
57502	19/20.3.2022	F	Súðavíkurhlíð, (farv. 12)	12	2.0
57503	19/20.3.2022	F	Súðavíkurhlíð, Fjargil (farv. 21)	11	1.5
57511	19/20.3.2022	L	Sjötúnahlíð, Ísafjarðardjúp		
57504	20.3.2022	F	Ísafjörður í Ísafjarðardjúpi		

Flóð	Dags	Teg.	Farvegur	Breidd	Hæð
57519	21/22.3.2022	S	Skötufjörður, Ísafjarðardjúp		
57518	22.3.2022	S	Snæfellsnes	20	2.0
57521	23.3.2022	S	Súðavíkurlíð, (farv. 16)		
57522	24.3.2022	Fv	Spillir, Sógandafjörður		
57523	24.3.2022	Fv	Spillir, Sógandafjörður		

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Veturinn 2021–2022 voru skráð 23 snjóflóð af mannavöldum. Einn einstaklingur lést og fjórir slösuðust. Manneskja slasaðist þegar hengja hrundi ofan við litla brekku og setti af stað lítið flekaflóð sem gróf hana. Þetta flóð er ekki í þessari töflu þar sem það er ekki talið hafa fallið af mannavöldum.

Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2021–2022.

56608	26.11.2021	Stærð: 2.0	Orsök: Vélsleði	Upptök: 1000 m	Viðhorf: SV
Vélsleðamaður setti af stað snjóflóð að Fjallabaki.					
57123	28.12.2021	Stærð: 2.5	Orsök: Óskilgr.	Upptök: 1000 m	Viðhorf: A
Flekaflóð féll af mannavöldum sem fór af stað með fjarbroti ofarlega á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli.					
57302	5.2.2022	Stærð: 2.5	Orsök: Vélsleði	Upptök: 760 m	Viðhorf: SA
Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð á Lyngdalsheiði. Engan sakaði.					
57286	7.2.2022	Stærð: 2.0	Orsök: Vélsleði	Upptök:	Viðhorf: ASA
Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð með fjarbroti í norðanverðu Þverfjalli. Enginn lenti í flóðinu.					
57301	8.2.2022	Stærð: 2.5	Orsök: Vélsleði	Upptök: 400 m	Viðhorf: Óskráð
Vélsleðamaður setti af stað snjóflóð nærri Innstadal á Hellisheiði. Engan sakaði.					
57317	9.2.2022	Stærð: 2.0	Orsök: Vélsleði	Upptök: 640 m	Viðhorf: A
Vélsleðamaður setti af stað snjóflóð að Fjallabaki.					
57340	12.2.2022	Stærð: 2.0	Orsök: Vélsleði	Upptök: Óskráð	Viðhorf: NV
Annað af tveimur flekahlaupum sem vélsleði setti af stað með fjarbroti í Burstabrekkudal. Enginn lenti í flóðinu.					
57341	12.2.2022	Stærð: 1.5	Orsök: Vélsleði	Upptök: Óskráð	Viðhorf: NV
Annað af tveimur flekahlaupum sem vélsleði setti af stað með fjarbroti í Burstabrekkudal. Enginn lenti í flóðinu.					
57464	16.2.2022	Stærð: 2.5	Orsök: Göngumaður	Upptök: Óskráð	Viðhorf: Óskráð
Göngumaður setti af stað fleka á leið niður í Selgil en lenti ekki í flóðinu.					
57372	19.2.2022	Stærð: 1.5	Orsök: Göngumaður	Upptök: 120 m	Viðhorf: NV
Göngumaður setti af stað snjóflóð í lítilli brattri brekku við sunnanvert Þingvallavatn.					

- 57492** 8.3.2022 **Stærð:** 2.0 **Orsök:** Vélsleði **Upptök:** 780 m **Viðhorf:** Óskráð
Snjóflóð fór af stað þegar grafa átti út fastan vélsleða í stuttri brattri brekku við Sylgju. Einn lenti í flóðinu og grófst að hluta og hlaut minniháttar meiðsl.
- 57538** 6.4.2022 **Stærð:** 2.0 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** SV
Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Hjaltadal með fjarbroti. Enginn lenti í flóðinu.
- 57543** 6.4.2022 **Stærð:** 1.0 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** Óskráð
Skíðamaður setti af stað lítinn fleka með fjarbroti í Öxnadal. Enginn lenti í flóðinu.
- 57545** 6.4.2022 **Stærð:** 1.0 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** Óskráð
Skíðamenn settu af stað nokkur lítil og þunn flekahlaup í Hjaltadal á Tröllaskaga. Engan sakaði.
- 57546** 7.4.2022 **Stærð:** 1.5 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** Óskráð
Skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð með fjarbroti í Þorvaldsdal. Enginn lenti í flóðinu.
- 57549** 7.4.2022 **Stærð:** 1.5 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** Óskráð
Snjóflóð féll í Hestaskarðshjúki. Líklegt er að skíðamaður hafi sett flóðið af stað.
- 57550** 7.4.2022 **Stærð:** 2.0 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** 660 m **Viðhorf:** N
Banaslys varð í Skeiðshyrnu í Svarfaðardal að kvöldi 7. apríl. Þrír menn voru á gangi upp fjallið þegar snjóflóð fór af stað í giliu fyrir ofan þá. Brotstálið var skammt neðan við kletta þar sem gilið er frekar grunnt. Ekki er vitað hvar mennirnir voru nákvæmlega þegar flóðið fór af stað en þeir bárust langa vegalengd niður fjallið með flóðinu. Glærahjarn var undir nýsnævinu og rann flóðið yfir aurkeiluna neðan gilsins þar sem var mjög lítill snjór. Flóðið bar mennina yfir urð og grjót á töluverðum hraða. Enginn þeirra grófst í flóðinu en einn þeirra lést af áverkum og hinir slösuðust. Sá sem lést fannst um 15–20 m utan við tunguna.
- 57577** 12.4.2022 **Stærð:** 1.5 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** 850 m **Viðhorf:** SA
Skíðamaður setti lítið flekaflóð af stað í nágrenni Siglufjarðar. Enginn lenti í flóðinu.
- 57578** 12.4.2022 **Stærð:** 1.5 **Orsök:** Skíðamaður **Upptök:** 850 m **Viðhorf:** V
Skíðamaður setti lítið flekaflóð af stað í nágrenni Siglufjarðar. Enginn lenti í flóðinu.
- 57575** 12.4.2022 **Stærð:** 2.0 **Orsök:** Vélsleði **Upptök:** 600 m **Viðhorf:** NV
Vélsleðamaður setti fleka af stað í Eldborgargili í Bláfjöllum.
- 57576** 12.4.2022 **Stærð:** 2.0 **Orsök:** Vélsleði **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** NV
Vélsleðamaður setti af stað fleka milli Draumadals og Jósefsdals.
- 57574** 12.4.2022 **Stærð:** 1.5 **Orsök:** Vélsleði **Upptök:** Óskráð **Viðhorf:** NV
Vélsleðamaður setti af stað fleka í Jósefsdal, Bláfjöllum.
- 57602** 6.5.2022 **Stærð:** 1.0 **Orsök:** Göngumaður **Upptök:** 1110 m **Viðhorf:** A
Gangandi skíðamaður á uppleið setti af stað flekaflóð í Hlíðarfjalli.


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Á u.þ.b tveggja vikna fresti er snjódýpt lesin af stikum sem eru staðsettar í hlíðum ofan bæjanna. Stikunum hefur farið fækkandi síðustu ár þar sem uppbygging varnarvirkja er lokið eða langt komin og sjálfvirkir snjódýptarmælur og flygildi sem mæla snjódýpt með mikilli nákvæmni hafa einnig leyst þessar eldri stikur af hólmi.


Að neðan eru nokkur snjódýptarlínurit frá norðanverðum Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Í viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.

Vestfirðir

Snjór byrjaði að safnast í fjöll á norðanverðum Vestfjörðum strax í lok september og var snjódýpt komin í um 1,5 m á sjálfvirkum mælunum ofan Flateyrar og á Seljalandsdal eftir fyrsta óveðrið í lok mánaðarins. Lítillega bætti á snjó fram að áramótum en í lok janúar fór að bæta á snjó. Hvert hríðarveðrið á eftir öðru í febrúar bætti allverulega á snjó til fjalla en eftir um miðjan apríl fór sjór að sjatna hratt. Kuldatíð og norðlægar áttir fyrri hluta maí mánaðar hægðu á bráðnun og bætti einnig á snjó um tíma en svo tók snjó hratt upp. Í byrjun júní var enn um 1 m snjódýpt í Traðargili og á Seljalandsdal.




Mynd 7. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2021–2022



Mynd 8. Snjódýpt lesin af stikum í Tradarhyrna í Bolungarvík veturinn 2021–2022. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn

Norðurland


Svipað munstur er í snjódýptargögnum á Tröllaskaga og norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2021–2022. Snjór byrjaði að safnast í fjöll í lok september og bætti talsvert á snjó eftir áramót. Snjódýpt hélst svipuð fram í miðjan apríl þegar hún tók að minnka en svo hægði á bráðnun og snjódýpt jókst aftur í byrjun maí. Ekki var lesið af snjódýptarstikum við Siglufjörð þennan vetur þar sem þær voru ýmist fallnar eða komnar innan um ný upptakastöðvirki.




Mynd 9. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2021–2022

Austfirðir

Veturinn byrjaði seinna á Austfjörðum og fór snjór að safnast í fjöll eftir miðjan desember og þá aðallega ofan 500 m. Snjódýpt náði hámarki á mælum um mánaðarmótin febrúar/mars og var tæpir 2 metrar í Kálfabotnum. Snjódýpt minnkaði jafnt og þétt í mars en jókst um tíma í byrjun apríl. Snjólaust var orðið á snjódýptarmælunum um miðjan maí. Mynd 10 sýnir ekki rétta snjódýpt í Drangagili í september og fyrri hluta október en farið var í viðhaldsferð í mælinn um miðjan október og mælirinn núllstýlltur.



Mynd 10. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Austfjörðum veturinn 2021–2022



Mynd 11. Snjódýpt lesin af stikum í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2020–2021. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.


4 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hins vegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hins vegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem eru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er hún teiknuð sem rauð lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er óvissan í tímasetningu sýnt sem grænn rammi og rauða línun tákna líklegasta tímann.

4.1 Innra-Bæjargil, Flateyri


Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili ofan Flateyrar í lok september. Flóðið fór á efsta hluta varnargarðsins ofan við byggðina og rann smá spöl niður með honum. Flóðatungan hrannaðist upp við garðinn en var þó langt frá því að fara yfir hann. Mesta þykkt hennar mældist tæpir 3 m. Sömu nótt féllu einnig flóð úr Skollahvilft og Miðhryggsgili.



Mynd 12. Útlínur snjóflóðsins úr Innra-Bæjargili þann 29. september.

Veðuraðdragandi

Einhver snjór hafði safnast í fjöll helgina 25–26. september í norðlægum áttum. Eftir helgina komu tvær lægðir upp að landinu úr austri, sú fyrri mánudag 27. og seinni þriðjudag 28. Báðar drógu þær raka langt suður úr hafi fyrir austan land og færðust svo til vesturs eftir norðurströnd landsins og beindu hvössum norðlægum áttum á Vestfirði með snjókomu. Uppsöfnuð úrkoma á Flateyri mældist um 130 mm á þremur sólahringum. Talsverður snjór safnaðist í gilin ofan við Flateyri sem hljóp af stað undir lok veðursins.




Mynd 13. Uppsöfnuð úrkoma á Flateyri, Ísafirði og í Bolungarvík, ásamt lofthita á Flateyri og Þverfjalli og vindi á Þverfjalli dagana fyrir flóð.



Mynd 14. Snjóflóðið úr Innra-Bæjargili náði að varnargarðinum fyrir ofan Flateyri. Á myndinni sést einnig snjóflóð sem féll úr Skollahvilft.

4.2 Jörundarskál, Siglufirði


Snjóflóð féll úr Jörundarskál aðfaranótt 6. febrúar. Flóðið rann yfir hluta af tjaldsvæði bæjarins og tók með sér þjónustukofa sem eyðilagðist. Flóðið náði að varnargarði innan við byggðina, skall í tjörn við varnargarðinn, rann yfir veg og um 200 m niður fyrir hann. Sömu nótt féll einnig snjóflóð úr Strengsgili en það var mun minna og náði ekki að varnargarði.



Mynd 15. Útlínur snjóflóðsins úr Jörundarskál þann 6. febrúar

Veðuraðdragandi

Breytilegar vindáttir og úrkoma með köflum hafði verið seinustu daga janúarmánaðar. Í byrjun febrúar nálgadist lægð landið. Þann 3. febrúar færðist lægðarmiðjan norður með austurströnd landsins og snerist þá í norðlæga átt á Norðurlandi með ofankomu. Lægðin hélt sig á milli Íslands og Noregs þann 4. febrúar og var áfram norðlæg átt og snjókoma með köflum. Mikill laus snjór var til fjalla sem gat auðveldlega skafið og safnast fyrir í giljum og skálum. Þann 5. febrúar kom lægðasvæði sunnan við land sem dró til sín loft úr norðri og olli hvassri norðan- og norðaustanátt með snjókomu á Norðurlandi. Stórhrið var á Tröllaskaga undir kvöld.



Mynd 16. Uppsöfnuð úrkoma Siglufirði, Ólafsfirði og Sauðanesvita, ásamt lofthita Siglufirði og Öxnadalsheiði og vindi í Grímsey dagana fyrir flóð.



Mynd 17. Gestur Hansson og Hulda Friðgeirsdóttir við mælingar á snjóflóðinu úr Jörundarskál. Spegill úr þjónustukofanum lá óbrotinn í flóðinu innan um brak úr kofanum.




Mynd 18. Hulda Friðgeirsdóttir við mælingar á snjódýpt snjóflóðsins úr Jörundarskál.



Mynd 19. Horft upp í upptakasvæðið snjóflóðsins í Jörundarskál. Upptök voru ógreinileg þegar flóðið var mælt en ummerki um þunna flóðtungu sjást nokkuð greinilega á myndinni.

4.3 Brellur, Patreksfirði


Snjóflóð féll í Brellum ofan við Patreksfjörð að morgni 7. febrúar. Framkvæmdir voru á svæðinu við gerð leiðigarðs ofan við íbúðagöturnar Hóla og Mýrar. Kögglar úr flóðinu köstuðust yfir drög að leiðigarðinum og inn í garð við Hóla 17.



Mynd 20. Útlínur snjóflóðsins í Brellum þann 7. febrúar.

Veðuraðdragandi


Hægar breytilegar áttir voru í byrjun febrúar en frá 3. febrúar var norðan- til norðaustanátt og snjócoma með köflum. Þann 6. febrúar nálgadist ört dýpkandi lægð landið úr vestri. Hún byrjaði að hafa áhrif að morgni 7. febrúar þegar hún sendi mikla snjókomu á sunnan- og vestanvert landið. Mikil úrkomuákefð var á Patreksfirði, um 40 mm mældust á örfáum klukkutímum og snjódýpt jókst ört. Vindáttin var austanstæð svo snjór safnaðist í gil ofan við byggðina. Flóðið féll að morgni 7. febrúar. Þá hafði hlýnað skarpt, hiti var kominn rétt yfir frostmark og vindur að snúast í skammvinna suðvestanátt. Á sama tíma dró úr mestu úrkomuákefðinni.



Mynd 21. Uppsöfnuð úrkoma Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði, ásamt lofthita Patreksfirði og Mikladal og vindi á Mikladal dagana fyrir flóð.

4.4 Steiniðjugil, Ísafirði


Snjóflóð féll úr Steiniðjugili ofan við Ísafjörð. Flóðið fór yfir Seljalandsveg sem liggur uppá Seljalandsdal og stöðvaðist á hól skammt ofan við Skutulsfjarðarbraut. Meðalþykkt flóðsins á Seljalandsvegi var um 50 cm. Búið var að rýma atvinnusvæðið neðan Steiniðjugils þegar flóðið féll.



Mynd 22. Útlínur snjóflóðsins úr Steiniðjugili á Ísafirði þann 8. febrúar.

Veðuraðdragandi


Dagana 3–6. febrúar var norðan til norðaustan hraglandi á svæðinu með hléum en snjósöfnun. Allnokkur flóð féllu á norðanverðum Vestfjörðum þessa daga. Ört dýpkandi lægð nálgadist landið úr vestri þann 6. febrúar. Hún byrjaði að hafa áhrif að morgni 7. febrúar með norðaustan hvassviðri og mikilli snjókomu á sunnan- og vestanverðu landinu. Fjölmörg snjóflóð féllu á Vestfjörðum í þessu veðri. Aðfaranótt og að morgni 8. febrúar bætti enn meira í snjókomu á svæðinu í norðaustanátt.



Mynd 23. Uppsöfnuð úrkoma Ísafirði, Súðavík og Bolungarvík, ásamt lofhita Ísafirði og Þverfjalli og vindi á Þverfjalli dagana fyrir flóð.

4.5 Hamar, Hveragerði


Snjóflóð féll í Hamri ofan við Hveragerði. 10 ára drengur grófst í flóðinu en hann var að leika sér í brekkunni með 14 ára bróður sínum. Bróðir drengsins fann hann fljótlega og gróf strax frá andliti hans og bringu. Flóðtungan náði niður að trjám neðar í brekkunni og endaði drengurinn upp við tré en slapp óslasaður. Það varð honum til lífs að vitin stóðu upp úr snjónum og gat hann því kallað á bróður sinn sem gekk á hljóðið. Bróðir drengsins hringdi svo á neyðarlínuna og var drengurinn grafinn fljótt upp með aðstoð björgunarsveita.



Mynd 24. Útlínur snjóflóðsins í Hamri í Hveragerði þann 19. febrúar.

Veðuraðdragandi

Eftir umhleypingar í janúar tók að kólna og bæta á snjó á Suðvesturlandi. Talsvert bætti á snjó 7–8. febrúar í suðlægum áttum og aftur 13–15. febrúar í hvössum austlægum áttum sem safnaðist í vindfleka einkum í vesturvísandi hlíðar. Þann 16. snérist í norðlæga átt með frosti. Snjógryfja á Hengilssvæðinu 8. febrúar sýndi viðvarandi veikt lag á lagmótum eldra hjarns og vindfleka/nýsnævis. Snjógryfjur í Skálafelli 12. febrúar og í Bláfjöllum þann 17. febrúar sýndu lagskiptan snjó ofaná eldra hjarni.




Mynd 25. Uppsöfnuð úrkoma Selfossi, Bláfjöllum og Ölkelduhálsi, ásamt lofhita Selfossi og Hellisskarði og vindi Ölkelduhálsi dagana fyrir flóð.



Mynd 26. Flóðið sem féll í Hamri kom úr stuttri brattri brekku og stöðvaðist í skógræktinni neðan við mesta brattann.

4.6 Skeiðshyrna, Svarfaðardal


Banaslys varð í Skeiðshyrnu í Svarfaðardal að kvöldi 7. apríl. Þrír menn voru á gangi upp fjallið þegar snjóflóð fór af stað í gilinu fyrir ofan þá. Brotstálið var skammt neðan við kletta þar sem gilið er frekar grunnt. Ekki er vitað hvar mennirnir voru nákvæmlega þegar flóðið fór af stað en þeir bárust um langan veg niður fjallið með flóðinu. Glærahjarn var undir nýsnævinu og rann flóðið yfir aurkeiluna neðan gilsins þar sem var mjög lítill snjór. Flóðið bar mennina yfir urð og grjót á töluverðum hraða. Enginn þeirra grófst í flóðinu en einn þeirra lést af áverkum og hinir slösuðust. Sá sem lést fannst um 15–20 m utan við tunguna.



Mynd 27. Útlínur snjóflóðsins í Skeiðsfjalli í Svarfaðardal

Veðuraðdragandi

Glærahjarn hafði verið til fjalla á Norðurlandi. Þann 3. apríl gengu skil yfir landið með austlægrí átt á Norðurlandi og rigningu í fyrstu en síðar snerist í norðaustlæga átt með snjókomu og éljum. Næstu daga var norðaustlæg og norðlæg átt ríkjandi og smám saman bætti í snjó í éljum sem gengu yfir norðanvert landið. Vindflekarnir tóku að myndast til fjalla, sérstaklega hlémegin og í giljum. Niðurstöður úr snjógrýfjum sem teknar höfðu verið bentu til veikleika í flekunum í ákveðnum viðhorfum og allnokkur flóð tóku að falla undan skíðamönnum. Daginn sem flóðið féll var hæg norðlæg átt, kalt í veðri og úrkomulítið.



Mynd 28. Uppsöfnuð úrkomu Patreksfirði, Bíldadal og Tálknafirði, ásamt lofhita Patreksfirði og Mikladal og vindi Mikladal dagana fyrir flóð.



Mynd 29. Snjóflóðið í Skeiðsfjalli var ekki stórt en fór hratt og dreifðsist yfir grýtt og snjólétt landslag.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (20). *Tíðarfarsyfirlit 2021 og 2022*. Sótt af

<https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2021>

<https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2022>






Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <https://blog.vedur.is/snjoflod/>

Snjóflóðatilkynningar. <https://www.facebook.com/groups/129168050599372>







Viðauki I. Snjódýptarmælingar

Línurit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2021–2022

Snjódýpt á norðanverðum Vestfjörðum



Snjódýpt ofan Neskaupstaðar



Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða

Í gagnasafni Veðurstofu Íslands er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunnin í Kanada. Flokkunin byggir fyrst og fremst á áhrifum flóðs, og það hefur verið lítillega staðfært. Í flokkuninni er einnig gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum.

Flokkur	Lýsing	Massi
1	Spýja, sem varla getur grafið mann (en það getur skapast hætta vegna falls)	10 tonn
2	Snjóflóð sem getur grafið mann	100 tonn
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar	1000 tonn
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús	10.000 tonn
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús	100.000 tonn

Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2021–2022

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2020–2021. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2021/2022

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Hvilftir ofan við skíðaleiðir úr Framlyftunni	17/18.11.2021	57071	F / 1	- / 80 / 0.4	Snjóflóð féll í brattri hlíð undir hengju í Bláfjöllum.
Draumadalur í Bláfjöllum	8/9.12.2021	57108	F / 2		Snjóflóð féll í Draumadal, nokkru norðaustan við skíðasvæðið í Bláfjöllum.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	16/17.12.2021	57120	Fv / 2		Vott flekahlaup féll á Bláfjallasvæðinu, langt norðan við skíðasvæðið.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	16/17.12.2021	57121	Fv / 1,5		Vott flekahlaup féll á Bláfjallasvæðinu, langt norðan við skíðasvæðið.
Hengill	8.2.2022	57301	F / 2,5	- / 170 / -	Vélsleðamaður setti af stað snjóflóð nærri Innstadal á Hellisheiði. Engan sakaði.
Reykjavík og nærsveitir	16-22.2.2022	57384	S / 1		Mörg lítil flekaflóð féllu við Þrengslaveg.
Ingólfsfjall	19.2.2022	57372	F / 1,5		Göngumaður setti af stað snjóflóð í lítilli brattri brekku við sunnanvert Þingvallavatn.
Ingólfsfjall	19.2.2022	57368	F / 2	- / 10 / -	Snjóflóð féll í Hamri ofan við Hveragerði. 10 ára drengur grófst í flóðinu en hann var að leika sér í brekkunni með 14 ára bróður sínum. Bróðir drengsins fann hann fljótlega og gróf strax frá andliti hans og bringu. Flóðtungan náði niður að trjám neðar í brekkunni og endaði drengurinn upp við tré en slapp óslasaður. Það varð honum til lífs að vitin stóðu upp úr snjónum og gat hann því kallað á bróður sinn sem gekk á hljóðið. Bróðir drengsins hringdi svo á neyðarlínuna og var drengurinn grafinn fljótt upp með aðstoð björgunarsveita.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjafell	20.2.2022	57373	F / 2,5		Flekaflóð féll í Reykjafelli í Mosfellsbæ.
Helgafell	21/22.2.2022	57396	F / 2		Snjóflóð féll í vestanverðu Helgafelli.
Esja	21/22.2.2022	57413	F / 2		Snjóflóð féll í Esjunni.
Esja	21/22.2.2022	57414	F / 1		Spýja féll í Esjunni.
Esja	22/23.2.2022	57395	F / 1,5		Nokkur lítil snjóflóð féllu víða í Esjunni.
Úlfarsfell, suðvestur	23.2.2022	57394	F / 1		Spýja féll í Úlfarsfelli undir klettum.
Esja	5.3.2022	57461	Fv / 1,5		Lítið vott snjóflóð féll í gili ofan við bæinn Gil á Kjalarnesi.
Esja	5.3.2022	57458	S / 1,5		Vott snjóflóð féll í eða eftir rigningu nærri gönguleiðinni upp á Kerhólakamb.
Esja	5.3.2022	57460	Fv / 1		Tvö lítil vot snjóflóð féllu milli Kjalarness og Blikdals.
Stór hvilft efst í Eldborgargili	12.4.2022	57575	F / 2		Vélsleðamaður setti fleka af stað í Eldborgargili í Bláfjöllum.
Bláfjöll, utan skíðasvæðis	12.4.2022	57576	F / 2		Vélsleðamaður setti af stað fleka milli Draumadals og Jósefsdals.
Bláfjöll, utan skíðasvæðis	12.4.2022	57574	F / 1,5	- / 100 / 1	Vélsleðamaður setti af stað fleka í Jósefsdal, Bláfjöllum.
Borgarfjörður					
Borgarfjarðardalir	16.2.2022	57464	F / 2,5		Göngumaður setti af stað fleka á leið niður í Selgil en lenti ekki í flóðinu.
Borgarfjarðardalir	20/21.2.2022	57463	F / 2,5		Hengja hrundi sem olli snjóflóði sem fór yfir baðhús. Mikill snjór var fyrir í kringum baðhúsið og varð ekki tjón á húsinu.
Snæfellsnes					
Snæfellsnes	17.1.2022	57159	Fv / 2,5		Snjóflóð lokaði veginum í Álftafirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Snæfellsnes	22.3.2022	57518	S / 2	- / 20 / 2	Snjóflóð féll yfir veginn um Búlandshöfða, Snæfellsnesi og lokaði veginum. Flóðið féll um kl 8:15.
Ólafsvík					
Enni	8.2.2022	57299	F / 2,5	- / 15 / 1	Snjóflóð lokaði veginum í Skötufirði.
Dalasýsla					
Skarðströnd	7/8.2.2022	57292	F / 2	- / 40 / 1	Snjóflóð féll yfir veg milli Nýpur og Tinda. Vegurinn var lokaður þegar flóðið féll.
Skarðströnd	7/8.2.2022	57289	F / 2,5	- / 80 / 1.5	Snjóflóð fór yfir veg milli Heinabergs og Nýpur. Vegurinn var lokaður þegar flóðið féll.
Skarðströnd	8/9.2.2022	57441	F / 2	- / 40 / 0.4	Snjóflóð féll yfir veg milli Heinabergs og Ytir-Fagradals.
Skarðströnd	14.2.2022	57347	F / 2		Snjóflóð féll á Skarðströnd.
Skarðströnd	21/22.2.2022	57383	Fv / 3	- / 150 / -	Snjóflóð féll við Heinaberg á Skarðsströnd og lokaði Klofningsvegi.
Skarðströnd	19/20.3.2022	57506	F / 1		Nokkrar spýjur féllu við Innri-Fagradal.
Skarðströnd	21.3.2022	57516	S / 2		Tvö flóð féllu inná Klofningsveg en náðu ekki yfir allan veginn.
Reykhólasveit					
Reykhólasveit	7/8.2.2022	57349	F / 2		Snjóflóð fór yfir veg vestan í Litlunesi.
Barðaströnd					
Múlasveit	20–24.1.2022	57421	Fv / 2	- / 35 / 1	Snjóflóð lokaði veginum í Múlasveit á Barðaströnd.
Barðaströnd	23/24.2.2022	57420	F / 2,5		Snjóflóð féll yfir veg í Kjálkafirði og skemmdi vegrið.
Rauðisandur og nágrenni					
Rauðisandur og nágrenni	23/24.2.2022	57424	Fv / 1,5	- / 30 / -	Snjóflóð féll rétt sunnan við bæinn Melanes með stefnu á gamla bæinn.
Patreksfjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ofan Sigtúns	28.9.2021	56989	F / 2		Flekaflóð féll ofan Sigtúns á Patreksfirði.
Geirseyrargil	28.9.2021	56990	F / 2		Þurrt flekaflóð féll úr Geirseyrargili.
Geirseyrargil	7/8.11.2021	57037	F / 2		Snjóflóð féll í Geirseyrargili.
Vatneyri	7/8.11.2021	57036	F / 1		Fimm spýjur féllu ofan við höfnina við Vatneyri.
Geirseyrargil	5.2.2022	57259	F / 2,5		Þurrt flekahlaup féll í Geirseyrargili.
Vatneyri	7.2.2022	57279	F / 2		Snjóflóð féll ofan Vatnseyri og stöðvaðist á ótilbúnum varnargarði.
Vatneyri	7.2.2022	57278	F / 2		Tvö snjóflóð féllu í Brellum milli varnargarðanna.
Klif	7.2.2022	57266	F / 2	- / 5 / -	Snjóflóð féll í Klifinu ofan Patreksfjarðar og stöðvaðist í um 100 m hæð.
Vatneyri	7.2.2022	57264	F / 2,5		Snjóflóð féll í Brellum ofan við Patreksfjörð að morgni 7. febrúar. Framkvæmdir voru á svæðinu við gerð leiðigarðs ofan við íbúðagöturnar Hóla og Mýrar. Kögglar úr flóðinu köstuðust yfir drög að leiðigarðinum og inn í garð við Hóla 17.
Vatneyri	8.2.2022	57297	F / 2		Snjóflóð féll í Brellum.
Vatneyri	8.2.2022	57298	F / 2,5		Snjóflóð féll innantil í skálinni í Brellum. Flóðið lenti á horni varnargarðs sem var í byggingu og dreifðist um vinnusvæðið.
Vatneyri	15.2.2022	57350	Fv / 2		Þrjár spýjur féllu í skálinni í Brellum.
Vatneyri	20.2.2022	57375	F / 2		Snjóflóð féll úr miðri skálinni í Brellum.
Vatneyri	22.2.2022	57379	F / 2		Snjóflóð féll í Brellum og stöðvaðist við varnargarðinn.
Vatneyri	22.2.2022	57380	F / 2,5		Snjóflóð féll úr öllum miðhluta skálarinnar í Brellum.
Miklidalur	25.2.2022	57453	Fv / 1,5		Snjóflóð féll í Mikladal.
Vatneyri	25.2.2022	57422	F / 3		Öll skálin hljóp í Brellum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Vatneyri	25.2.2022	57423	Fv / 2		Tvær spýjur féllu í Fjósadalsöxl.
Vatneyri	26/27.2.2022	57431	Fv / 2		Snjóflóð féll efst úr horninu við Fjósadal.
Vatneyri	8.3.2022	57467	Fv / 1		Snjóflóð féll úr Fjósadalsöxl, neðarlega.
Vatneyri	8.3.2022	57469	Fv / 2		Snjóflóð féll í Brellum.
Ofan Sigtúns	8.3.2022	57471	Fv / 1,5		Spýja féll í Sigtúni.
Geirseyrargil	8.3.2022	57470	Fv / 1,5		Lítið snjóflóð féll úr gilbörnum Stekkjargils.
Vatneyri	8.3.2022	57468	Fv / 2		Snjóflóð féll í Brellum, fyrir ofan Hóla.
Vatneyri	22.3.2022	57520	S / 1,5		Snjóflóð féll í Brellum.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Raknadalshlíð	15/16.1.2022	57180	F / 1,5		Snjóflóð féll í Raknadalshlíð og í vegrás.
Ósafjörður	16.1.2022	57141	F / 2		Snjóflóð féll yfir veg ofan til í neðsta sneiðingnum uppúr Ósafirði.
Ósafjörður	16.1.2022	57140	F / 2		Snjóflóð féll yfir veg ofan til í neðsta sneiðingnum uppúr Ósafirði.
Raknadalshlíð	7/8.2.2022	57265	F / 2		Nokkur flóð féllu á Raknadalshlíð.
Ósafjörður	9.2.2022	57636	F / 2,5	- / 350 / 0.9	Snjóflóð féll yfir Örlygshafnarveg og lokaði veginum.
Raknadalshlíð	15.2.2022	57351	Fv / 2		Snjóflóð féll í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	21/22.2.2022	57382	F / 2,5		Snjóflóð lokaði veginum um Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	22.2.2022	57381	F / 2,5	- / 35 / 1.5	Snjóflóð lokaði veginum um Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	25.2.2022	57450	Fv / 2		Snjóflóð féll í Raknadalshlíð, innan við Sel.
Raknadalshlíð	25.2.2022	57449	Fv / 1,5		Tvö snjóflóð féllu í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	25.2.2022	57448	Fv / 2		Þrjú snjóflóð féllu í Raknadalshlíð og náðu vegi.
Raknadalshlíð	25.2.2022	57451	Fv / 2		Snjóflóð féll í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	25.2.2022	57452	Fv / 1,5		Snjóflóð féll í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	25/26.2.2022	57425	F / 2,5		Nokkur flóð féllu á Raknadalshlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Raknadalshlíð	28.2.2022	57440	F / 1		Lítið flekaflóð féll yfir veg rétt innan við Stapann. Flóðið átti upptök rétt ofan við veg.
Tálknafjörður					
Geitárhorn	8.2.2022	57310	F / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Geitárhorni.
Arnarfjörður					
Arnarfjörður	28/29.9.2021	57000	Fv / 2		Snjóflóð féll í Grjótárdal í Arnarfirði.
Arnarfjörður	28/29.9.2021	57001	Lv / 1		Margar spýjur féllu í norðanverðum Arnarfirði.
Arnarfjörður	16.12.2021	57119	F / 1		Flekaflóð féll í Arnarfirði.
Bíldudalur					
Búðargil	17.1.2022	57149	K / 2,5		Krapaflóð féll í Búðargili og endaði í ræsi.
Milligilin	17.1.2022	57164	K / 1		Krapaspýjur féllu í Milligiljum.
Dýrafjörður					
Gemlufell	28/29.9.2021	56999	Fv / 2		Snjóflóð féll í Gemlufalli í Dýrafirði.
Dýrafjörður	28/29.9.2021	57002	Lv / 1		Margar spýjur féllu í norðanverðum Dýrafirði.
Dýrafjörður suðaustanverður	17.1.2022	57174	K / 2		Krapaflóð féll rétt innan við Kjaransstaði í Dýrafirði og aðeins út á veg.
Gemlufell	7.2.2022	57296	F / 2		Snjóflóð féll milli Gils og Gemlufalls sem fór yfir girðingar og var um 30 m breitt.
Núpskál	7.2.2022	57269	F / 2		Snjóflóð féll í Krossgili í Núpsfjalli.
Hjarðardalshlíð	7.2.2022	57272	F / 2		Snjóflóð féll við Fremstuhús og náði inn á tún.
Gemlufell	7.2.2022	57273	F / 2		Snjóflóð féll við Fremstuhús og náði niður á tún.
Gemlufallsdalur norðaustanverður	21/22.2.2022	57419	F / 3		Breitt og þykkt flekaflóð féll í lítilli brekku nálægt Mýrarseli á Gemlufallsheiði.
Önundarfjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Selabólsurð, undir Urðarskál	29.9.2021	56981	Fv / 2		Vott flekahlaup féll ofan við Traðarnes í Önundarfirði og stöðvaðist hátt ofan við Flateyrarveg. Rétt innan við voru tvö minni flóð.
Breiðadalsheiði Önundarfjarðarmegin	8/9.11.2021	57053	F / 1		Margar litlar spýjur féllu í Þverfjalli.
Ófæruhlíð	16.1.2022	57144	F / 3		Stórt snjóflóð lokaði vegi um Ófæruhlíð.
Bjarnadalur vestanverður	16/17.1.2022	57160	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í vestanverðum Bjarnadal og náði eitthvað inn á veg en lokaði honum ekki.
Bjarnadalur vestanverður	16/17.1.2022	57161	Fv / 1,5		Snjóflóð féll í vestanverðun Bjarnadal en náði ekki út á veg.
Hvilftarströnd	17.1.2022	57162	Fv / 1,5		Nokkrar litlar spýjur féllu í hlíðinni við Selabólsurð.
Bjarnadalur	30.1.2022	57199	F / 2,5	- / 50 / 75	Snjóflóð fór yfir veg í Bjarnadal.
Bjarnadalur	30.1.2022	57200	F / 1,5		Snjóflóð féll nálægt veg í Bjarnadal.
Bjarnadalur	3.2.2022	57221	S / 2,5		Snjóflóð féll í vegrás í Bjarnardal á leið uppá Gemlufellsheiði.
Hvilftarströnd	6/7.2.2022	57339	F / 2,5		Snjóflóð féll nærri vegi á Hvilftarströnd.
Selabólsurð, undir Urðarskál	7.2.2022	57276	F / 3		Breitt en þunnt snjóflóð féll í Fossahlíð.
Ófæruhlíð	7/8.2.2022	57331	F / 2,5	- / - / 6	Að minnsta kosti 3 flóð féllu á Ófæruhlíð og voru um 5–7 m þykk á vegi.
Breiðadalur sunnanverður	8.2.2022	57285	F / 2,5	- / 180 / 0.9	Snjóflóð féll yfir veg neðan Fremri-Breiðadals.
Bjarnadalur austanverður	23/24.2.2022	57417	F / 1,5		Spýja féll í austanverðum Bjarnadal.
Bjarnadalur austanverður	23/24.2.2022	57418	F / 1,5		Spýja féll í austanverðum Bjarnadal.
Bjarnadalur austanverður	23/24.2.2022	57416	F / 2,5		Snjóflóð féll í gili í Mosvallafjalli.
Flateyri					
Litlahryggsgil	28/29.9.2021	56962	Fv / 2		Snjóflóð féll í Litlahryggsgili inn af Flateyri.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ytra-Bæjargil	29.9.2021	56966	S / 2,5		Snjóflóð féll úr Ytra-Bæjargili.
Miðhryggsgil	29.9.2021	56979	Fv / 3	- / - / 2.5	Vott flekaflóð féll í Miðhryggsgili eftir hríðarskot og hlýindi í kjölfarið.
Skollahvilft	29.9.2021	56965	F / 3	- / 110 / 1	Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili ofan Flateyrar og á efsta hluta varnargarðsins ofan við byggðina og rann smá spöl niður með honum. Flóðatungan hrannaðist upp við garðinn en var þó langt frá því að fara yfir hann. Mesta þykkt hennar mældist tæpir 3 m. Sömu nótt féllu einnig flóð úr Skollahvilft og Miðhryggsgili.
Skollahvilft	29.9.2021	56964	F / 3	- / 155 / 96	Snjóflóð féll úr Skollahvilft, rann niður með varnargarðinum og stöðvaðist um 200 m ofan við lónið.
Ytra-Bæjargil	17/18.10.2021	57023	F / 2		Snjóflóð féll utarlega í Ytra-Bæjargili.
Skollahvilft	18.10.2021	57015	L / 2	- / - / 1	Snjóflóð féll í Skollahvilft og rann rétt út úr giliinu.
Ytra-Bæjargil	18/19.10.2021	57022	F / 2		Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili.
Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	18/19.10.2021	57024	F / 1		Spýja féll utan við Ytra-Bæjargil.
Skollahvilft	28.10.2021	57027	Fv / 2		Snjóflóð féll rétt útúr gilkaftinum í Skollahvilft.
Þriðja gil utan Ytra-Bæjargils	8/9.11.2021	57046	F / 2		Snjóflóð féll í þriðja gili utan Ytra-Bæjargils.
Ytra-Bæjargil	8/9.11.2021	57048	F / 1		Spýja féll í Ytra-Bæjargili.
Litlahryggsgil	8/9.11.2021	57052	F / 1		Spýja féll í Litlahryggsgili.
Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	8/9.11.2021	57047	F / 1,5		Snjóflóð féll í fyrsta giliinu utan Ytra-Bæjargils.
Ytra-Bæjargil	8/9.11.2021	57049	F / 2		Spýja féll í Ytra-Bæjargili.
Miðhryggsgil	28.12.2021	57128	S / 1		Snjóflóðaradar á Flateyri nam flóð í Miðhryggsgili.
Litlahryggsgil	28.12.2021	57129	S / 1		Snjóflóðaradar á Flateyri nam flóð í Litlahryggsgili.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ytra-Bæjargil	28.12.2021	57127	S / 1,5		Snjóflóðaradar á Flateyri nam flóð í Ytra-Bæjargili.
Skollahvilft	30.1.2022	57202	F / 2		Snjóflóð féll í Skollahvilft.
Skollahvilft	3.2.2022	57215	S / 1		Snjóflóðaradar nam lítið snjóflóð í Skollahvilft.
Innra-Bæjargil	4.2.2022	57214	S / 2,5		Snjóflóðaradar nam snjóflóð úr Innra-Bæjargili.
Skollahvilft	4.2.2022	57216	S / 1		Snjóflóð féll og sást á radar og stöðvaðist fyrir miðri hlíð.
Litlahryggsgil	5.2.2022	57230	F / 2,5		Snjóflóð féll í Litlahryggsgili inn af Flateyri.
Miðhryggsgil	5.2.2022	57229	F / 2,5		Snjóflóð féll í Miðhryggsgili inn af Flateyri.
Skollahvilft	5.2.2022	57228	F / 2		Snjóflóð féll í Skollahvilft.
Innra-Bæjargil	6.2.2022	57260	F / 1		Snjóflóðaradar á Flateyri nam hreyfingu ofarlega í Innra-Bæjargil.
Litlahryggsgil	7.2.2022	57262	F / 2	- / 80 / -	Snjóflóð féll í Litlahryggsgili sem stöðvaðist á aurkeilunni. Flóðið kom fram á snjóflóðaradar á Flateyri.
Miðhryggsgil	7.2.2022	57261	F / 1		Snjóflóðaradar á Flateyri nam hreyfingu ofarlega í Miðhryggsgili.
Innra-Bæjargil	7.2.2022	57263	F / 2,5		Snjóflóð féll í Innra-Bæjargili ofan Flateyrar. Flóðið kom fram á radar og var GPS mælt.
Miðhryggsgil	21.3.2022	57517	S / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Miðhryggsgili sem náði aðeins niður á aurkeiluna. Flóðið kom fram á snjóflóðaradar á Flateyri.
Súgandafjörður					
Norðureyri	28/29.9.2021	56972	F / 2		Þurrt flekaflóð féll úr Norðureyrargili en náði ekki út í sjó.
Súgandafjörður norðanverður	28/29.9.2021	56973	F / 2		Þurrt flekaflóð féll innan við Norðureyrargil en náði ekki út í sjó.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Spillir	28/29.9.2021	56982	S / 2		Snjóflóð féll um Spilli og lokaði veginum.
Spillir	15.1.2022	57138	S / 2,5		Snjóflóð féll yfir veginn um Spilli og lokaði honum.
Súgandafjörður	16/17.1.2022	57143	Fv / 2,5		Mörg flóð féllu um Spilli.
Spillir	3.2.2022	57213	F / 2		Snjóflóð lokaði veginum um Spilli.
Spillir	4.2.2022	57240	F / 2		Fjögur snjóflóð féllu yfir veginn um Spilli og lokuðu honum.
Spillir	8.2.2022	57319	F / 3		Öll hlíðin um Spilli hjóp fram í mörgum flóðum sem fóru í sjó fram.
Súgandafjörður norðanverður	8.2.2022	57330	F / 2,5		Snjóflóð féll í norðanverðum Súganda fyrir ofan ána inn í botni.
Súgandafjörður	8.2.2022	57329	F / 1		Nokkur lítil snjóflóð féllu yfir veg um Spilli.
Spillir	10.2.2022	57318	F / 2		Snjóflóð lokaði veginum um Spilli.
Súgandafjörður	22/23.2.2022	57391	F / 1		Fimm stór flóð og tvö minni féllu um Spilli. Stóru flóðin náðu öll út í fjöru og þau tvö minni út á veg.
Spillir	22/23.2.2022	57386	F / 2,5		Fimm stór flóð og tvö minni féllu um Spilli. Stóru flóðin náðu öll út í fjöru og þau tvö minni út á veg.
Súgandafjörður	22/23.2.2022	57390	F / 1		Fimm stór flóð og tvö minni féllu um Spilli. Stóru flóðin náðu öll út í fjöru og þau tvö minni út á veg.
Spillir	23.2.2022	57385	F / 2,5		Snjóflóð féll á óvanalegum stað um Spilli, yfir veg og úr í fjöru.
Spillir	23/24.2.2022	57407	F / 2,5		Mörg flóð féllu um Spilli og yfir veg. Þar af sex stór flóð.
Spillir	28.2/1.3.2022	57442	F / 2,5		Öll hlíðin um Spilli féll eða um 11 snjóflóð af mismunandi stærðum.
Spillir	5.3.2022	57455	Fv / 1,5		Spýja féll yfir veginn um Spilli.
Spillir	5/6.3.2022	57462	Fv / 2		Tvö snjóflóð féllu yfir veginn um Spilli.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Spillir	8.3.2022	57473	Fv / 1,5		Lítið snjóflóð féll um Spilli og lokaði vegi.
Spillir	8.3.2022	57472	Fv / 2,5		Stórt snjóflóð féll í Spilli fyrir framan bíl sem ekið var um veginn. Bíllinn varð ekki fyrir flóðinu.
Spillir	24.3.2022	57522	Fv / 3		Bíl var ekið að flóði sem hafði fallið fyrir um morguninn. Þetta er með stærri skráðu flóðum sem hafa fallið um Spilli.
Spillir	24.3.2022	57523	Fv / 2		Snjóflóð féll aftan við bíl sem hafði stöðvast við annað stærra flóð. Manninn sakaði ekki en þurfti að skila bílinn eftir milli flóðanna.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Gil innan Hesthúsagils	28/29.9.2021	56968	Lv / 1		Spýja féll austanvert í Erni í Syðridal.
Geirastaðahlíð	28/29.9.2021	56971	Lv / 1		Spýja féll austanvert í Erni í Syðridal.
Gil utan Geirastaða	28/29.9.2021	56970	Lv / 1		Spýja féll austanvert í Erni í Syðridal.
Hesthúsagil	28/29.9.2021	56967	Lv / 1		Spýja féll austanvert í Erni í Syðridal.
Leynisgil	28/29.9.2021	56969	Lv / 1,5		Lítið flóð féll í austanverðum Erni í Syðridal.
Gil innan Hesthúsagils	16/17.1.2022	57169	Fv / 1		Spýjur féllu innan við Hesthúsagilið.
Gil ofan Orkubús	17.1.2022	57171	Fv / 1		Spýja féll ofan Orkubús.
Hesthúsagil	17.1.2022	57152	Fv / 2		Snjóflóð féll ofan við hesthúsin sem stöðvaðist í miðri hlíð.
Minnibakkaskál	6/7.2.2022	57313	F / 1		Spýjur féllu í Minnibakkaskál.
Breiðabólsdalur	6/7.2.2022	57311	F / 2		Snjóflóð féll í Breiðabólsdal og náði yfir dalinn.
Milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar	6/7.2.2022	57312	F / 1		Spýja féll milli Sprengigilja og Breiðabólsskálar.
Mærðarhorn	27.2.2022	57429	F / 3		Stórt flekaflóð féll seint um kvöld 26.2 eða aðfaranótt 27.2. í Mærðarhorni.
Óshyrna	1.3.2022	57444	Fv / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Óshyrnu.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Bogahlíð	2.3.2022	57447	F / 3		Nokkuð stórt snjóflóð féll í Bogahlíð.
Bogahlíð	18.3.2022	57493	F / 2		Snjóflóð féll í Syðridal við Bolungarvík.
Hádegisfjall - gil nr.3	26.3.2022	57525	Lv / 1		Spýja féll í Hádegisfjalli.
Hnífsdalur					
Hraunsgil	8.2.2022	57342	F / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Hraunsgili inn af Hnífsdal.
Ísafjörður					
Hrafnagil	28/29.9.2021	56975	F / 2		Snjóflóð féll í Hrafnagili.
Grænagarðsgil	28/29.9.2021	56976	F / 2		Snjóflóð féll í Grænagarðsgili.
Steiniðjugil	28/29.9.2021	56974	F / 2		Snjóflóð féll í Steiniðjugili.
Ytri-Kirkjubólshlíð	21.11.2021	57076	Fv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð en stöðvuðust í miðri hlíð.
Fossahlíð	21.11.2021	57086	Fv / 1,5		Snjóflóð féll í Fossahlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	6.12.2021	57098	F / 1,5		Nokkrar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Innri-Kirkjubólshlíð	6.12.2021	57099	F / 1,5		Nokkrar spýjur féllu í Innri-Kirkjubólshlíð.
Fossahlíð	6.12.2021	57100	F / 1		Nokkrar þunnar spýjur féllu í Fossahlíð.
Seljalandshlíð - innri	10/11.12.2021	57114	F / 2		Snjóflóð féll í innri Seljalandshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	17.1.2022	57148	L / 1,5		Nokkur snjóflóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Innri-Kirkjubólshlíð	17.1.2022	57167	Lv / 1,5		Tvær spýjur féllu í Innri-Kirkjubólshlíð.
Krossgil	17.1.2022	57145	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í Eyrarhlíð og út á veg milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Snjóflóðið var um 40–50 cm þykkt á vegi.
Ytri-Kirkjubólshlíð	3.2.2022	57212	F / 1		Nokkrar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	4/5.2.2022	57443	F / 2	– / 81 / 0.8	Snjóflóð féll yfir veg milli Arnardalsár og Flugvallarvegar um Ytri-Kirkjubólshlíð og lokaði vegi.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ytri-Kirkjubólshlíð 13	5.2.2022	57244	F / 2,5	- / 26 / 1.5	Snjóflóð féll yfir veg um Kirkjubólshlíð milli kl. 14 og 15:20.
Kirkjubær	6.2.2022	57248	F / 2		Snjóflóð féll ofan við Kirkjubæ.
Eyrarhlíð 14	6.2.2022	57255	F / 1,5		Snjóflóð féll í Eyrarhlíð.
Steiniðjugil	6.2.2022	57250	F / 1		Þunnt snjóflóð féll í Steiniðjugili.
Hrafnagil	6.2.2022	57249	F / 3	- / 70 / -	Stórt snjóflóð féll í Hrafnagili.
Fossahlíð	7.2.2022	57270	F / 2		Breitt en þunnt snjóflóð féll í Fossahlíð.
Fossahlíð	7.2.2022	57271	F / 1,5		Breitt en þunnt snjóflóð féll í Fossahlíð.
Innan flugstöðvar	7.2.2022	57274	F / 1,5	- / 60 / -	Snjóflóð féll á Kirkjubólshlíð og náðu kögglar á efri hluta vegar.
Ofan flugstöðvar	7.2.2022	57275	F / 1		Tvær spýjur féllu í Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð 14b	8.2.2022	57306	F / 1		Spýja féll í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Grænagarðsgil	8.2.2022	57293	F / 2		Snjóflóð féll í Grænagarðsgili.
Kirkjuból	8.2.2022	57294	F / 2		Snjóflóð féll ofan við Kirkjuból sem stöðvaðist í um 25 m hæð y.s.
Steiniðjugil	8.2.2022	57288	F / 3	- / 77 / 0.5	Snjóflóð féll úr Steiniðjugili ofan við Ísafjörð. Flóðið fór yfir Seljalandsveg sem liggur uppá Seljalandsdal og stöðvaðist á hól skammt ofan við Skutulsfjarðarbraut. Meðalþykkt flóðsins á Seljalandsvegi var um 50 cm. Búið var að rýma atvinnusvæðið neðan Steiniðjugils þegar flóðið féll.
Fossahlíð	19.2.2022	57369	F / 1,5		Spýjur féllu í Fossahlíð.
Kirkjuból	19.2.2022	57370	F / 2		Snjóflóð féll fyrir ofan Kirkjuból.
Funi	19.2.2022	57371	F / 1		Spýja féll í gili innan við Funagilið.
Ytri-Kirkjubólshlíð 11	23/24.2.2022	57415	F / 2		Snjóflóð féll í farvegi 11 í Ytri-Kirkjubólshlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ofan flugstöðvar	25.2.2022	57427	S / 2		Snjóflóð féll ofan flugstöðvarinnar og náði langleiðina niður á flatann.
Utan flugstöðvar	25.2.2022	57428	S / 2		Snjóflóð féll utan flugstöðvarinnar og fór yfir girðingu í hlíð fjallsins og náði langleiðina niður á flatann.
Ytri-Kirkjubólshlíð 10	1/2.3.2022	57459	F / 2		Snjóflóð féll í Ytri-Kirkjubólshlíð og stöðvaðist í um 60 m hæð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	8.3.2022	57474	F / 1		Spýja féll í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Ofan flugstöðvar	8.3.2022	57475	F / 2		Snjóflóð féll ofan flugstöðvarinnar og stöðvaðist um 60 m ofan vegar.
Innri-Kirkjubólshlíð	14.3.2022	57484	Fv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Innri-Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	14.3.2022	57483	Fv / 1		Nokkrar spýjur féllu í giljum í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Kubbi, Brattahlíð	16.3.2022	57487	F / 1		Spýja féll í Kubba í Skutulfirði.
Grænagarðsgil	20.3.2022	57505	L / 1		Spýja féll í Grænagarðsgili og náði rétt út úr gili.
Seljalandshlíð	20.3.2022	57507	L / 1		Nokkrar litlar spýjur féllu í Seljalandshlíð.
Kubbi	20.3.2022	57508	L / 1		Margar litlar spýjur féllu í Kubba, Engidalsmegin.
Ytri-Kirkjubólshlíð	20/21.3.2022	57515	F / 1,5		Þrjár sæmilegar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	26.3.2022	57527	L / 1		Nokkrar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Ofan flugstöðvar	26.3.2022	57528	F / 1,5		Spýja féll ofan flugstöðvarinnar.
Ytri-Kirkjubólshlíð 14b	26.3.2022	57529	F / 2		Snjóflóð féll í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Fossahlíð	26.3.2022	57530	F / 1		Spýja féll í Fossahlíð.
Utan flugstöðvar	26.3.2022	57531	F / 1		Spýja féll utan við flugvöll Ísafjarðar.
Naustahvilft	14.4.2022	57586	Lv / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Naustahvilft.
Innri-Kirkjubólshlíð	14/15.4.2022	57582	Lv / 1		Nokkrar votar spýjur féllu í þekktum farvegum í Kirkjubólshlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ytri-Kirkjubólshlíð	14.5.2022	57607	F / 1,5		Nokkur lítil snjóflóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð þegar fór að hlýna.
Innri-Kirkjubólshlíð	14/15.5.2022	57609	Fv / 2		Nokkur snjóflóð féllu í Innri-Kirkjubólshlíð þegar fór að hlýna.
Naustahvilft	14/15.5.2022	57608	Fv / 2		Nokkur snjóflóð féllu í Naustahvilft þegar fór að hlýna.
Súðavík					
Súðavíkurhlíð, ofan gömlu byggðarinnar	28/29.9.2021	57595	F / 2,5		Snjóflóð féll ofan gömlu byggðarinnar í Súðavík.
Súðavíkurhlíð, ofan gömlu byggðarinnar	28/29.9.2021	57596	F / 1,5		Lítið snjóflóð féll ofan gömlu byggðarinnar í Súðavík.
Súðavíkurhlíð, ofan gömlu byggðarinnar	3/4.12.2021	57094	S / 1		Tvö smáflóð féllu ofan við gömlu byggðina í Súðavík.
Traðargil	5/6.2.2022	57257	F / 3		Meðalstórt flekafloð féll í Traðargili í Súðavík. Flóðið kom úr norður vanga gilsins og náði niður á miðja aurkeilu.
Sunnanvert Ísafjarðardjúp					
Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	27.9.2021	56953	S / 1		Snjóflóð féll í Djúpagili á Súðavíkurhlíð. Flóðið stoppaði fyrir ofan veg en grjót sem barst með flóðinu fór út á veginn.
Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	28/29.9.2021	56983	F / 2	- / 40 / 1.7	Snjóflóð féll yfir veginn um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	28/29.9.2021	56963	S / 3	- / 200 / 4	Nokkuð stórt snjóflóð féll úr Fjargili og fór yfir veg. Vegurinn var lokaður þegar flóðið féll.
Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	13/14.11.2021	57066	Fv / 1		Spýja féll í Djúpagili niður í vegrás.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	13.1.2022	57133	S / 1		Spýja féll í vegrás við Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	13.1.2022	57134	S / 1		Spýja féll í vegrás við Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	15.1.2022	57177	S / 1,5		Margar spýjur féllu niður í vegrás um ytri Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	15.1.2022	57137	S / 1		Lítið snjóflóð féll út á veg úr farvegi 18 á Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	16.1.2022	57178	S / 1,5		Snjóflóð féll í Djúpagili en náði ekki niður á veg.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	16.1.2022	57179	S / 1,5		Margar litlar spýjur sem slettust aðeins inná veg.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 17	16.1.2022	57142	S / 2,5		Snjóflóð fór yfir veg um Súðavíkurhlíð úr farvegi 17.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4	17.1.2022	57645	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	17.1.2022	57663	F / 1,5	- / 30 / 0.4	Snjóflóð fór yfir veg um Súðavíkurhlíð og var um 40 cm þykkt á vegi og 30 m breitt.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	17.1.2022	57666	F / 1		Spýja féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	17.1.2022	57665	F / 1	- / 15 / -	Lítið snjóflóð féll á veg en fór ekki yfir hann um Súðavíkurhlíð. Flóðið var 15 m breitt.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	17.1.2022	57653	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	17.1.2022	57659	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegskáp um Súðavíkurhlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	17.1.2022	57660	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	17.1.2022	57664	F / 1	- / 10 / -	Snjóflóð féll um Súðavíkurhlíð og fór upp á veginn en ekki alveg yfir hann. Flóðið var 10 m breitt.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 5	17.1.2022	57651	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	17.1.2022	57652	F / 1,5		Tvö þunn lítil flóð fóru yfir veg um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	17.1.2022	57658	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 16	17.1.2022	57661	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 12	17.1.2022	57657	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	17.1.2022	57662	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	17.1.2022	57644	F / 1,5		Snjóflóð féll í vegrás um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 19	17.1.2022	57151	Fv / 2,5	- / 10 / 1	Snjóflóð féll í farvegi 19 við Súðavíkurhlíð og lokaði veginum.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	17.1.2022	57150	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í farvegi 6 við Súðavíkurhlíð og fór yfir veg.
Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	23.1.2022	57183	F / 2		Snjóflóð féll í Fjargili í Súðavíkurhlíð. Flóðið náði ekki vegi.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 12	25.1.2022	57186	S / 1		Snjóflóð féll í vegrás á Súðavíkurhlíð en náði ekki útá veg.

